

Laugardaginn 19. desember 1953.

Nr. 154/1953. **Ákærvaldið** (Tómas Jónsson)

gegn

Willy Dumarey (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarrar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Torfi Jóhannsson hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt samdómsmönnum Páli Þorbjörnssyni og Þorsteini Jónssyni.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur skólastjóri Stýrimannaskólans markað á sjóuppdrátt stað dufls þess, er varðskipsmenn settu út við hlið togara ákærða kl. 03.57 þann 16. september þ. á., og reyndist staðurinn vera 0,7—0,8 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms hefur ákærði gerzt brotlegur við lagaákvæði þau, sem til er vitnað í hinum áfrýjaða dómi. Með þessari athugasemd og þar sem gullgengi íslenzku krónunnar hefur ekki breytt eftir uppsögu héraðsdóms, þykir mega staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum verður ákærða dæmt að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Willy Dumarey, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Tómasar Jónssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 17. sept. 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af ákærvaldsins hálfu gegn ákærða, Willy Dumarey, skipstjóra á belgíska botnvörpuskipinu Nelly Suzanne, O 237, frá Ostende, til heimilis í Ostende, með ákæruskjali, útgefnu af bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum í dag, fyrir meint brot á 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82 8. desember 1952 um breytingar á þeim lögum, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum aðfaranótt þess 16. þ. m. SA af Ingólfshöfða 0,8 sjómíliur innan þeirrar markalínu, sem ákveðin er í reglugerð nr. 21 18. marz 1952 um verndun fiskimiða umhverfis Ísland, sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins. Þær kröfur eru gerðar af ákærvaldsins hálfu, að ákærði verði dæmdur til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og enn fremur upptöku afla og veiðarfæra samkvæmt heimildum í sömu lagagreinum. Svo er og þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakar-kostnaðar.

Ákærði, Willy Dumarey, er fæddur 29. marz 1918 í Chaletterault í Frakklandi og hefur, svo kunnugt sé, ekki sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt brot hér á landi.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á v/s Þór eru málsatvik þau, að aðfaranótt 16. september s.l. var varðskipið á eftirlitsferð við Ingólfshöfða. Varðskipið varð þá vart við togara, sem virtist vera að veiðum innan landhelgislinunnar. Kl. 03.30 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Ingólfshöfði miðast í réttvísandi 319°, fjarlægð 3,3 sjómíliur og togarinn miðast í réttvísandi 49°, fjarlægð 2,6 sjómíliur, stefna Þórs réttvísandi 49°.

Kl. 03.38 var varðskipið Þór stöðvaður. Kl. 03.40 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Ingólfshöfði miðast í réttvísandi 287°, fjarlægð 4,0 sjóm. Samtímis miðast togarinn réttvísandi 53°, fjarlægð 0,7 sjómíliur.

Kl. 03.52 var haldið að togaranum. Kl. 03.57 var stöðvað fast við b.b. síðu togarans og sett út dufl. Var togarinn þá að togveiðum með stb-vörpu í sjó. Um leið var kallað til togarans að nema staðar, en hann skeytti því ekki. Samtímis var gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Ingólfshöfði miðast í réttvísandi 273° fjarlægð 5,5 sjóm. og hápunktur Salthöfða réttvísandi 315°, fjarlægð 6,9 sjómíliur. Dýpi 45 metrar og gefur þetta staðinn 0,8 sjómíliur innan landhelgislinu. Kl. 04.05 var skotið púðurskoti og kl. 04.07 var skotið öðru skoti og samtímis kallað til togarans, er þá nam staðar. Togarinn reyndist vera Nelly Suzanne frá Ostende og skipstjórinn ákærði í máli þessu.

Eftir að togarinn hafði numið staðar, var skipstjórinn sóttur og fluttur um borð í varðskipið og honum bent á, að hann hefði verið að botnvörpuveiðum í landhelgi og viðurkenndi hann, að svo væri, en kvað það hafa stafað af þoku. Ákærða var gefinn kostur á að sannreyna mælingar varðskipsmanna, en hann kvaðst ekki telja þess þörf, og óskaði eftir því að

birtu yrði ekki beðið, en haldið af stað strax. Fór varðskipið þegar með togarann til Vestmannaeyja í gærkvöldi.

Allar staðarákvarðanir varðskipsins voru framkvæmdar af skipherra og I. og III. stýrimanni á varðskipinu Þór og notuðu þeir „Giro“-áttavita og ratsjá. Logn var og þoka, er togarinn var tekinn og sjór SV 3—4.

Skipherra varðskipsins staðfesti skýrslu þessa fyrir réttinum. Ennfremur mætti I. stýrimaður varðskipsins, Garðar Pálsson, og III. stýrimaður, Gunnar Ólafsson, og staðfestu þeir báðir, að skýrsla skipherrans væri rétt í öllum greinum. Kváðust þeir sjálfir hafa framkvæmt mælingarnar ásamt skipherra og fullyrtu, að þær væru algerlega öruggar. Einnig sáu þeir greinilega, að togarinn var með stb.-vörpu í sjó, er varðskipið kom að honum.

Ákærði viðurkenndi fyrir réttinum, að skýrsla varðskipsins væri rétt og játaði að hafa verið að botnvörpuveiðum í landhelgi á skipi sínu, Nelly Suzanne, á þeim stað og tíma, er skýrslan greinir. Sjálfur kvaðst ákærði hafa verið sofandi í klefa bak við stjórnklefa skipsins, en stýrimaður við stjórn skipsins, en stýrimaður hafi breytt út af fyrirmælum sínum um stjórn skipsins og hafi skipið af þeim ástæðum orðið nær landi en hann ætlaði.

Hann kvaðst hafa látið stöðva skip sitt, er hann heyrði skot varðskipsins, en hann heyrði aðeins eitt skot.

Hann kvaðst ekki véfengja mælingar varðskipsins og teldi þær réttar.

Með framburði skipherra varðskipsins og I. og III. stýrimanns þess svo og með játningu ákærða sjálfs hér fyrir dóminum verður að telja sannað, að hann hafi aðfaranótt 16. september s.l. verið að botnvörpuveiðum á skipi sínu, Nelly Suzanne, O 237, 0,8 sjómílur innan landhelgislinunnar SA af Ingólfshöfða. Hefur hann með því gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5 frá 1920, sbr. lög nr. 82/1952, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5/1951.

Samkvæmt mælingarbréfi er togarinn Nelly Suzanne 151,59 rúmlistir bruttó og samkvæmt vottorði Landsbankans í dag er gullgengi íslenzkrar krónu þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738,95 seðlakrónum.

Með tilliti til þessa þykir refsing ákærða samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951, hæfilega ákveðin kr. 10.000,00 í sekt í Landhelgissjóð Íslands og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur affli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, sem eru um borð í b/v Nelly Suzanne, O 237, skulu ger upptæk og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Willy Dumarey, greiði kr. 10.000,00 í sekt í Landhelgissjóð Íslands og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur affli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í

b/v Nelly Suzanne, eru upptæk ger og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Laugardaginn 19. desember 1953.

Nr. 155/1953. **Ákærvaldið** (Tómas Jónsson)

gegn

Carbon Honoré (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Torfi Jóhannsson bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjanda dóm ásamt samdómsmönnum Páli Þorbjörnssyni og Þorsteinj Jónssyni.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur skólastjóri Stýrimannaskólans markað á sjóupprátt stað varðskipsins, er það staðnæmdist kl. 0.025 þann 16. september þ. á. og setti út dufl í kjölfar togara ákærða. Reyndist staðurinn vera 1,6 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms hefur ákærði gerzt brotlegur við lagaákvæði þau, sem þar er vitnað til. Með þessari athugasemd og þar sem gullgengi íslenzku krónunnar hefur ekki breytt eftir uppsögu héraðsdóms, þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum verður ákærða dæmt að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.